

Ályktun um stöðu fiskvinnslunnar

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands 2005, lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu fiskvinnslufyrirtækja í landinu, sem leitt hefur til fjölda uppsagna meðal fiskvinnslufólks. Eins og staðan er í dag er ekkert sem bendir til annars en að uppsögnum fjölgi á næstu vikum og mánuðum.

Starfsgreinasamband Íslands skorar á stjórnvöld að bregðast við þeim vanda sem nú hefur skapast með það að markmiði að bæta stöðu greinarinnar.